

Priðjudaginn 24. október 1972.

Nr. 138/1972. Valdstjórnin
 gegn
 Stefáni Kristdórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1972, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. október 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 18. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. ágúst s.l. var Stefán Kristdórsson úrskurðaður í allt að 60 daga varðhald vegna rannsóknar á alvarlegu líkamsárásarmáli. Er Stefán þar kærður fyrir að hafa ráðizt á Jón Rúnar Oddgeirsson á heimili hans að Hraunbæ 192 og barið hann til óbóta. Hlaut Jón höfuðkúpubrot, handarbrot og marga skurði og er enn heyrnarlaus á öðru eyra og hefur taltruflanir.

Stefán hefur játað að hafa verið þarna að verki. Saksóknari ríkisins krafðist þess hinn 20. september, að mál þetta sætti rannsókn fyrir dómi, og er þeirri rannsókn nærri lokið. Auk þessa máls hefur saksóknari til meðferðar þrjú mál, þar sem Stefán er kærður fyrir þjófnaði og árás og rán.

Gæzluvarðhald Stefáns rennur út í dag kl. 1212, og þykir nauðsynlegt með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að framlengja gæzluvarðhald kærða Stefáns svo, að málum hans megi verða lokið og hann haldi ekki áfram brotum á meðan, enda þykja skilyrði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 vera fyrir hendi til að beita gæzluvarðhaldi, þar sem brot hans geta varðað fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Kristdórsson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum frá kl. 1212 í dag miðvikudaginn 18. október.

Miðvikudaginn 25. október 1972.

Nr. 125/1972. Valdstjórnin

gegn

Ingileifu Gísladóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Húsleit. Barnaverndarmálefni. Foreldravald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172 gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. október 1972, sem barst dóminum samdægurs. Krefst hún þess, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. september 1972 verði úr gildi felldur og að yfirsakadómaranum í Reykjavík eða ríkissjóði „verði gert skylt . . . að greiða allan sakarkostnað“. Þá er þess krafizt, að sömu aðiljar verði